

Fundur í safna og menningarmálanefnd haldin í Ráðhúsinu 24. janúar 2012 kl. 18:00

Mættir: Dagbjört Höskuldsdóttir formaður, Árni Valgeirsson, Elísabet Lára Björgvinsdóttir, Símon Sturluson, varamaður Anna María Rafnsdóttir sem ritar fundargerð auk þess Ragnheiður Óladóttir bókasafnsvörður.

Dagskrá:

1. Skýrsla forstöðumanns Amtbókasafns.
2. Umræður um málefni safna í Stykkishólmi.
3. Kosið í nefnd fyrir Norðurljósahátíð 2012.
4. Önnur mál.

Þetta gerðist á fundinum.

1. Ragnheiður fór yfir skýrslu Amtbókasafns, og má sjá skýrsluna í meðfylgjandi viðhengi. Skýrslan rædd, og farið var yfir útlán- tekjur og gjöld. Einnig lagði Ragnheiður fram skýrslu um Vatnasafnið fyrir árið 2011, og er hún einnig meðfylgjandi í viðhengi. Í framhaldinu spurði Dagbjört um málefni Ljósmyndasafns Stykkishólms. Það hefur ekki verið unnið neitt í því í haust, en Sigurlína ætlar að reyna að klára það nú eftir áramót. Þá kom fyrirspurn frá Dagbjörtu varðandi áform Roni Horn um Vatnasafn. Umræður urðu um að bækur eftir Roni Horn eru í sérstakri hillu í bókasafninu og eru til sýnis og sumar til útláns.
2. Sigurlína Sigurbjörnsdóttir er hætt og ný forstöðukona Alma Dís kemur til starfa í Norska húsinu þann 1. apríl 2012. Alma er vel menntuð og kemur hugsanlega með ný viðhorf og nýjar hugmyndir um starfsemi hússins. Talað var um nýtingu Vatnasafns. Fjarnemendur hafa þar nú aðstöðu til náms, sem að hefur gengið vel. Íbúðarmál í Vatnasafni komu til umræðu og eru þau mál vonandi komin í réttan farveg. Opnun og nýting Vatnasafns rædd, spurning um hvort það væri grundvöllur fyrir lengri og sveigjanlegri opnun. Til að auka aðsókn í söfn bæjarins kom fram hugmynd um að útbúa passa- fjölskuldukort sem að gildi í öll söfn bæjarins. Nefndin leggur til að þessi hugmynd, sem nefndarmönnum leist vel á, verði skoðuð vel.
3. Kosið í nefnd fyrir Norðurljósahátíð 2012. Ákveðið hefur verið af bæjarstjórn að hátíðin verði haldin í haust. Undirbúningur þarf að hefjast sem fyrst, festa tíma, húsnæði og ýmislegt fleira. Ráðlegt er að ráða starfsmann, það reyndist vel þegar síðast hátíð var haldin. Sú nefnd sem starfaði að framkvæmd síðustu hátíðar, mun kalla saman fund með nýrri nefnd sem fyrst. Tillögur frá Dagbjörtu og Elísabetu um nefndarmenn: Berglind Axelsdóttir, Þórunn Sigþórsdóttir, Guðfinna Diego, og var það samþykkt.
4. Önnur mál: Hugmyndabanki varðandi nýtingu á Vatnasafni. Það kom fram sú hugmynd á fundinum hvort sniðugt væri að setja upp hugmyndabanka fyrir tillögur vegna nýtingar á Vatnasafninu.

Safna og menningarmálanefnd óskar Stykkishólmsbúum innilega til hamingju með nýja orgelið í Stykkishólmskirkju. Orgelið kemur til með að vera mikill fengur fyrir menningar og listalíf í bænum.

Fundi slitið 19:00